


|                  |                                     |   |
|------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045     | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b> |  |
| Útgáfa: 10       |                                     |   |
| Dags.:23.02.2016 |                                     |   |
| Höfundur: AMJ    |                                     |   |
| Samþykkt: SHJ    |                                     |   |
| Síða 1 af 2      | <b>Áfangaheiti ENSK 2 RM 05</b>     |   |
|                  | <b>Námsáætlun vorönn 2017</b>       |   |

|                |   |               |               |
|----------------|---|---------------|---------------|
| <b>Kennari</b> | Guðjón Ólafsson, Iain Peter Matchett, Jónas Jónsson | <b>Sk.st.</b> | GÖL, IAN, JÓJ |
|----------------|---|---------------|---------------|

### Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemandinn verði vel læs á flóknari texta en í undanföllum og geti tjáð hugsun sína skýrt og rökstutt hana í ræðu og riti. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Nemandinn vinnur sjálfstætt að viðameiri ritunarverkefnum svo sem rökfærsluritgerð eftir hefðbundinni uppsetningu og kynningum á þematengdu efni sem fela í sér öflun upplýsinga á bókasafni og af neti. Lestur og túlkun bókmenntaverka.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
- orðaforða til markvissrar notkunar í námi
- túlkun bókmenntaverka
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrdingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi
- dýpri merkingu texta

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa margs konar texta, bæði fræðilega og bókmenntalega, sér til gagns og ánægju
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
- tjá sig skýrt, munnlega og skriflega, um málefni sem hann hefur kynnt sér
- rita rökfærsluritgerð samkvæmt hefðbundnum aðferðum

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrýni á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óundirbúnum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrdingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi

### Námsgögn:

*English for Writing, Speaking and Literature - ENSK2RM05;* Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu skólans. Annað ítarefni frá kennara og / eða á Moodle.

#### Valbækur:

Ray Bradbury, *Fahrenheit 451*, (allar óstytta útgáfur)  
Harper Lee, *To Kill a Mockingbird*, (allar óstytta útgáfur)

|                   |                                     |   |
|-------------------|-------------------------------------|---|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b> |  |
| Útgáfa: 10        |                                     |   |
| Dags.: 23.02.2016 |                                     |   |
| Höfundur: AMJ     |                                     |   |
| Samþykkt: SHJ     |                                     |   |
| Síða 2 af 2       | <b>Áfangaheiti ENSK 2 RM 05</b>     | <b>Námsáætlun vorönn 2017</b>   |

### Áætlun um yfirferð:

| Vika                            | Almennt   | Verkefni  |
|---------------------------------|---|---|
| Lota 1<br>6. jan –<br>13. jan   | Kynning áfanga og námsáætlunar.<br>Unnið með texta í <i>English for Culture ...</i>   | Ýmis verkefni unnin heima og í tímum í tengslum við textana sem lesnir eru.   |
| Lota 2<br>16. jan –<br>17. feb  | Ritun:<br>Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða. Fjallað um heimildaskráningu.              | Nemendur skila <b>beinagrind að ritgerð (2,5%)</b> og síðan <b>grófu uppkasti</b> með tékklista ( <b>2,5%</b> ). Að lokum skila þeir <b>fullunninni ritgerð</b> sem byggð er á efnisyrdingu (thesis) og sett upp á hefðbundinn máta ( <b>15%</b> ). |
| Lota 3<br>20. feb –<br>24. mars | Skáldverk – skáldsaga:<br>Lesin skáldsaga og unnið með hana, einstaklingsbundið og í hópum. Leshringir og hópavinna með hvorri bók um sig.                  | Munnlegt próf ( <b>10%</b> ), framsaga ( <b>10%</b> ), stuttar efisspurningar ( <b>4%</b> ) auk skriflegs verkefnis ( <b>6%</b> ) í lok lotunnar.   |
| Lota 4<br>27. mars –<br>5. maí  | Textar og orðmyndun:<br>Unnið með texta og orðmyndun í textahefti.<br>Skáldverk – smásaga:<br>Smásagan "Bloodflowers" lesin og tímaverkefni unnið úr henni. | Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle.<br>Verkefni úr "Bloodflowers" ( <b>5%</b> )  |

### Námsmat og vægi námsþátta:

| <b>Matsform:</b> | <input type="checkbox"/> Símat   | <input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf | <input type="checkbox"/> Lokaverkefni |
|------------------|--|---|---------------------------------------|
| Námsmatsþættir   | Lýsing námsmatsþátta   | Vægi  |                                       |
| <b>Skáldverk</b> | Skáldsaga: Munnlegt próf ( <b>10%</b> ), skriflegt verkefni ( <b>6%</b> ), framsöguverkefni (hópverkefni) ( <b>10%</b> ), stutt efnispróf ( <b>4%</b> ). | 30%   |                                       |
|                  | Smásaga: Verkefni  | 5%  |                                       |
| <b>Ritun</b>     | Ritgerð byggð á efnisyrdingu ( <b>15%</b> ), skil á beinagrind ( <b>2,5%</b> ), skil á uppkasti ( <b>2,5%</b> ).   | 20%   |                                       |
| <b>Annað</b>     | Ýmis verkefni (orðaforði / ritun / þýðingar) unnin heima og í tímum.   | 5%  |                                       |
| <b>Skriflegt</b> | Lokapróf úr textum og orðmyndun.   | 40%   |                                       |
| <b>Samtals:</b>  |  | <b>100%</b>   |                                       |

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn (1) fyrir hvern virkan dag sem líður. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna, fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 6. janúar 2017

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils